

Nd.

287. Nefndarálit

[105. mál]

um frv. til laga um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá fjárhagsnefnd.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að heimild sú, sem S.Í.B.S. hefur haft síðan 1949 til að reka vöruhappdrætti, verði framlengd um 10 ára bil, eða til ársloka 1969. Sambandið hefur þörf fyrir áframhaldandi tekjur af happdrættinu til þess að standast kostnað við framkvæmdir að Reykjalundi, sem eftir er að ljúka. En auk þess er nú áformað, að S.Í.B.S. færi út starfssvið sitt og setji einnig upp vinnustofur fyrir öryrkja, aðra en berklasjúklinga, og mun þurfa að leggja fram verulegt fjármagn í stofnkostnað vegna þeirra framkvæmda.

Tryggingastofnun ríkisins, sem fékk frumvarpið til athugunar og umsagnar, mælir eindregið með samþykkt þess.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. febr. 1959.

Skúli Guðmundsson,
form., frsm.

Benedikt Gröndal,
fundaskr.

Einar Olgeirsson.

Ólafur Björnsson.

Jóhann Hafstein.